

# Fundargerð 31. stjórnarfundar

## Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Langholt, fundarherbergi á 2. hæð í VRII.

Tími: 19. apríl 2016 kl. 09:00

Viðstaddir: Arndís Ósk Ólafsdóttir (AÓÓ), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA) og Gunnar Steinn Jónsson (GSJ).

Fjarverandi: Íris Þórarinsdóttir (Íþ) og María Jóna Gunnarsdóttir (MJG).

### Dagskrá:

1. Fundargerð 30. stjórnarfundar
  2. Verkefni vorannar
  3. Aðalfundur VAFRÍ
  4. Bréf þingvallarþjóðgarðar
  5. Önnur mál
- 

### 1. Fundargerð 30. stjórnarfundar

Fundargerð 30. Stjórnarfundar VAFRÍ var samþykkt með leiðréttингum.

### 2. Verkefni vorannar

Dagskrá vegna málþings um litlar vatnsveitur sem haldið verður í vor er tilbúin, málþingið verður haldið 6.maí.

### 3. Aðalfundur VAFRÍ

Aðalfundur VAFRÍ er skipulagður milli kl.12-13 6.maí næstkomandi. Lagður var grunnur að dagskrá fundarins: 1) Skýrslu stjórnar, 2) kynningu rekstrareikninga, 3) kosningu nýrrar stjórnar og skoðunarmanna 4) ákvörðun félagsgjalda og 5) önnur mál. Lagt verður fram óbreytt félagsgjald. Gunnar Steinn Jónsson bíður sig ekki fram til endurkjörs. Stjórn VAFRÍ vill þakka Gunnari kærlega fyrir samstarfið og framlag hans til VAFRÍ síðastliðin tvö ár.

### 4. Bréf þingvallarþjóðgarðar

Bréf þingvallarþjóðgarðar frá 22. Febrúar 2016 um rýni á mögulegri nýrri fráveituhreinsun fyrir Hakið var borið undir stjórnina. Þar sem fráveitulausnin féll ekki undir óhefðbundna lausn, í skilningi þess að aðskilja vatn frá seyrus eins og kynnt var á málþingi VAFRÍ, þá tók stjórnin ekki afstöðu til málsins. Hins vegar benti stjórn VAFRÍ þingvallaþjóðagarði á að leita til Gunnars Steins Jónssonar.

## **5. Önnur mál**

- HÓA greindi frá málþingi á vegum Íslensku vatnafræðinefndarinnar sem haldin var í tilefni degi vatnsins 31.mars.
- HÓA greindi frá kennslu í vatns- og fráveitum á núverandi skólaári.
- Umsókn Íslenska ofanflóðanefndarinnar um styrk vegna hönnunarskúra á Íslandi var hafnað.

Fundi var slitið kl. 10:15. Næsti stjórnarfundur 2.maí kl.09:00

Fundarritari: Arndís Ósk Ólafsdóttir, [arndisoo@veitur.is](mailto:arndisoo@veitur.is)